

# Fundargerð

## Vinnufundur vegna reiðleiða innan friðlands að Fjallabak

Fundarstaður: 3. október 2019 – Hella

13:00-14:00

### Fundarmenn:

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun

Þórdís Björt Sigbórsdóttir, Umhverfisstofnun

Guðný Eiríksdóttir, Hraunhestar/Hellismenn

Egill Gestsson, Íshestar (Kálfhóll)

Þórður Gestsson, Íshestar (Kálfhóll)

*Afrit sent til allra fundarmanna*

### Fundardagskrá:

1. Farið yfir þau drög að kortum sem eru tilbúin núna og bætt inn því sem vantar.
2. Farið yfir punkta frá Ingvari P. Guðbjörnssyni.
3. Þarf fleiri áningarstaði?
4. Farið yfir hvaða svæði þarf að griða af þar sem ekki er hægt að stýra rekstri hrossa
5. Ætlum að skoða betur auglýsingu, skýrt að förgun á úrgangi þarf að vera í samráði við ust

1. Dyngjuleið merkt sem óstikuð gönguleið en er gömul reiðleið – hverfur milli ára – mikið af gönguleiðum eru gamlar reiðleiðir – sumt skilgreint sem bæði göngu og reiðleið. Landverðir eru eftirlitsaðilar í friðlandinu – þeir eru upplýstir um hvaða reiðleiðir eru skilgreindar. Í lok vinnunnar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar verður til kort sem verður opinbert og því komið í dreifingu, þetta kort mun hafa gildi fram yfir önnur útgefin kort af svæðinu.

Ábending kom um að gott væri að senda LSH reiðleiðirnar þar sem þeir eiga góðan gagnagrunn af reiðleiðum.

Rætt var um kKukkugilsfitjarnar, gata sem fer þar yfir – Eldhestar fara þá leið stundum, fara svo eftir gönguslóða sem var reiðleið áður en farið var að ganga hana. Bætt inn leið sem eru fram og til baka.

Þórður – fullt af leiðum sem eru einhestaleiðir þar sem er riðið kannski bara hringinn eða fram og til baka.

2. *Fyrsti punktur frá Ingvari* – gönguleiðin sem er líka reiðleiðin – fer ekki alveg upp að auganu eins og þeir eru búnir að stika. Þurfum að fá trackið frá Ingvari til að merkja

inn þá leið. Einhversstaðar kemur hann inn í Dalakofa. Engir nýir hestaslóðar eftir sumarið segir Guðný.

*Annar punktur* – Guðný: þegar komið er úr Hrauneyjum – gönguleiðin og vegurinn, misjafnt hvað fólk velur. Hákon: þurfum að sammælast um leið, ekki margar á sama stað, Egill: skynsamlegra að fara leiðina sem Aníta fer, gott að sleppa við bílaumferðina og fylgja þeirri sem er merkt inn núna.

*Þriðji punktur* – leiðin sem Egill og þeir fara, beygir inn Lambaskarðið eftir hraunið, Hellismannaleiðin líka, nema þeir koma niður kvíslarnar inn í helli að Lambafitjahrauni. Leiðin merkt en þeir koma niður aðra leið og koma með Helliskvíslinni og inn á leiðina sem er merkt, eru nær hrauninu en vegslóðinn, Gunnar er að fara þetta líka, hann fer aðeins öðruvísi en að hluta til eins, hann fer líklega hestatorfuna sem Guðnýju finnst skemmtilegri en það sem Egill og þeir eru að fara (Hákon búinn að merkja inn með blýant). Gerði sem Hákon merkir inn, Egill og þeir stoppa þar.

Hvað nafn á að nota yfir gerði: Hestarétt eða Hestagerði.

*Fjórdi punktur* - Guðný: stundum verið farið hjá Hrafnabjargavatni, Þórður og þeir fara og enda í gerði sem er í Hestatorfu, (hafa ekki séð stikur, göngustikur)

*Fimmti punktur* – reiðleið kringum Löðmund – Hákon merkir inn, ofan við Laufdal, Þórður segir að þetta sé engin reiðlið, kindagötur sumsstaðar, þetta eru svona sparileiðir, ferð mest með hest í taumi. – **þetta gott dæmi einhesta leið** – allt gróið, á grónum svæðum þarf að vera ein leið.

*Sjötti punkturinn* – Klukkugilsfitjar og til baka – Klukkugilsleið – fer ekki með gönguleiðinni- það er leið og uppá pokahrygg segir Guðný – það er slóði þarna yfir (Hákon merkir inn).

*Sjöundi punkturinn* – Fiskigöturnar komið fram Lifrafjöllin – Egill: segist hafa farið þarna með rekstur. Hvað eru Fiskigötur spyr Hákon, Guðný: getur verið að Ingvar sé að tala um gilið og upp í Dómadalshraun, þennan hring, en fólk hefur þá verið að ríða slóðann (Hákon merkir inn), þessi Fiskimannaleið gæti verið þar sem bíslóðinn er, milli Eskihlíðarvatns, brött brekka og þess vegna ekki keyrt lengur. Hákon merkir inn. Guðný hefur ekki heyrt um þessar Fiskigötur en það eru aðrar götur sem kallast Fiskigötur en þær hafa legið þessa leið líka. Eldgamlar götur þega menn fóru að vitja neta – texti um þetta í Sunnlenskum byggðum.

Guðný – ein leið sem er ekki búið að setja inn, Krakatindsleið fer upp á Krókagil, leið sem er farin niður í áfangagil til dæmis en það er út fyrir friðlandið – hestahópar koma þarna inn og koma inn á veginn.

Sigurjón Bjarnason hjá Eldhestum – Hróðmar – Gunnar í Steinsholti.

Ingvar nefndi hvort það væri ekki hægt að koma inn einhverjum samræðuhóp, þurfa að vera staðir þar sem eru tvö hólf í gerði?

Þórður ekki ánægður með staðsetningu á Frostastaðagerðinu, telur gerðið í Dómadal of snemmt og við Frostastaðavatn of seint, þeir þyrftu á gerði að halda í miðju þessara leiðar. Guðný kemur með hugmynd að staðsetningu fyrir gerði: **Dómadalshraunið væri einn möguleiki, upp í hrauni**, menn hafa verið að stoppa þar, ríða á milli A og B, þarf að vera ákveðið km millibil. Hver á að sjá um að halda þessu við? Losa upp á haustin, álag á Dómadalsgerðið – verður krapi og dregur allt niður, alveg sama hvar það er. Gerðið sjálft við Frostastaðavatnið er praktískt og vel gert, hentar flesttöllum nema Þórði og Egil, en er heldur snemmt, þeir ríða yfirleitt Landmannahellir – Landmannalaugar, margir ríða öðruvísi og þá henta þessi gerði vel, eru kannski að koma úr Hólaskjóli.

Þegar gerðið við Frostastaðavatn var sett upp var sótt um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Sækja þarf um leyfi til Umhverfisstofnunar til að setja upp gerði innan friðlands.

Hákon – þyrfti að koma upp samvinnu um viðhald við gerði og taka niður gerði – ef hægt væri að **búa til samráðshóp og fulltrúum allra hagaðila**, farið yfir sumarið og það sem má halda við og annað. Þórður: einhver gerði mætti taka niður á haustin og setja upp á vorin.

Egill: gerði sem þeir settu upp á sínum tíma, það gerði er ónýtt, mörg gerði sem þarf að laga eða taka niður. Rétt við Hellismannaleið (utan friðlands) sem þyrfti að laga eða taka niður. Alveg við gönguleiðina segir Guðný –

Þórður – þeir halda því við sem notar það – sniðugt að gera hóp sem UST heldur utanum.

### 3. Áningarstaðir – punktar frá Ingvari.

*Fyrsti punktur* – inn í Laugum – þar hafa hist ansi margir hópar segir Þórður, Guðný var oft með þrjú hólf, þyrfti að vera svoleiðis áfram í Laugum. Guðný alltaf með aukagerði út á aurnum, tveir eða þrír dagar á sumrin sem þess er þörf. Sumir að koma með rekstur og á yfir nótt. Þórður: ef það kæmi eitt gerði í viðbót, þá eru meiri líkur að koma öllum hestum í gerði.

### **Setja gerði í Dómadalshrauni þar sem útskot er fyrir bíla í lægðinni.**

Egill: svo er Eskihlíðarleiðin – Ingvar talar um að fara hana, væri gott að hafa gerði við vatnið. Ef það er komið gerði þarna þá er þetta orðin enn betri valkostur og líklegri til að losna við Dómadalsleiðina og umferðina þar. Væri gott að gera leiðina sem raunverulegan valkost. Fólk hættir við að fara þessa leið vegna skorts á gerðum.

**Heyrum í Anítu hvernig hún er að nota þessa leið og hvar hún stoppar.** Hákon boðar Anítu á fund.

*Annar punktur – fjarlægja rör í Kirkjufellsósi – ef fjarlægð þá er þetta ákjósanleg leið í staðinn fyrir að fara veginn, ust hefur það sem markmið, Vegagerðin taki þátt í að setja þetta niður.*

*Priðji punktur – gerði við Sigölduleið mætti bæta við - Dyngjuskarð – Hákon merkir inn – gamall veiðislóði sem búið er að loka – mögulega gerði – Hákon merkir það inn.*

**Mikilvægt að mest notuðu gerðin bjóði upp á að tveir hópar geti stoppað – tvöfalt gerði.**

4. Setja þarf upp girðingar á einstaka stöðum til að koma í veg fyrir að hross fari inn á viðkvæm svæði í rekstri. Við Stút – í jarðfallinu – girða þarf til að vernda gróðurinn, Hákon: Búið að setja girðingu til að missa ekki hross yfir hálsinn við Frostastaðavatn. Egills segir að þetta sé leiðinlegasti kaflinn þessi brekka um Frostastaðaháls, Hákon – þyrfti kannski að setja upp hlið sem er skellt niður á meðan hrossin fara þessa leið, stundum hættustaður.

Rætt mikilvægi þess að skýra meðhöndlun úrgangs frá hrossum í gerðum. Leyfi ust þarf fyrir förgun á úrgangi í friðlandinu.

5. Nú er Umhverfisstofnun komin með póstlista hagsmunaaðila– **Ust boðar til fundar einu sinni á ári eftir sumarið og ræðum til dæmis viðhald – fyrir næsta sumar hittast þá og ræða hvort er eitthvað sem við viljum gera fyrir sumarið – þá mætti taka ákvörðun um hvaða gerði væru sumargerði (tekin niður og sett upp aftur), landverðir gætu til dæmis kippt niður og sett í geymslu.**

Hákon spyr hvort það séu einhver gerði sem þarf að taka niður núna, Guðný mælir með að taka niður við Frostastaðavatn – líka hættulegt fyrir sleðamenn að hafa þetta uppi.

Þórður: þarf að ganga frá gerðum þannig að það sé auðvelt að kippa niður.

Líka þegar verið er að gera gerðin þá þarf að huga að þessu. Yfirleitt mega staurar standa ef þeir eru góðir og ekki úr plasti.

Drög að stjórnunar og verndaráætlun Fjallabaks að verða tilbúin sem verða auglýst í 6 vikur, við munum senda drögin á fundarmenn.

### **Niðurstöður og næstu skref**

1. Allir sammála um að gott væri að setja upp gerði sem fyrst uppi í Dómadalshrauni
2. Skoða möguleikann að gera Eskihlíðarleiðina að raunverulegum valkost – heyrum betur í Anítu með það hvernig hún notar leiðina.
3. Umhverfisstofnun stefnir á að fjarlægja rör í samstarfi við Vegagerðina í Kirkjufellsósi.

4. Mikilvægt að mest notuðu gerðin bjóði upp á að tveir hópar geti stoppað – tvöfalt gerði.
5. Umhverfisstofnun boði til fundar einu sinni á ári – stefnt á næsta vor þar sem rætt verður til dæmis viðhald – fyrir næsta sumar hittast þá, er eitthvað sem við viljum gera fyrir sumarið – þá mætti taka ákvörðun um hvaða gerði væru sumargerði (tekin niður og sett upp aftur), landverðir gætu til dæmis kippt niður og sett í geymslu, þyrfti bara að losa spotta, spottarnir skemma út frá sér.
6. Umhverfisstofnun ræðir við Eldhesta, Hróðmar og Sigurjón og eins Núpshesta og sendir þeim gögnin ef það eru fleiri leiðir sem þarf að merkja inn.
7. Nú er tækifæri til að sækja um í Framkvæmdarsjóð Ferðamannastaða – hestamannafélag myndi mögulega sækja um til að setja upp fleyri gerði.

Fundi slitið: 14:19